

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi“ í a-lið 8. tölul. kemur: einkaleyfisskjals (lýsing, einkaleyfiskröfur, teikningar og ágríp).
- b. Á eftir 8. tölul. kemur nýr tölul., 9. tölul., sem orðast svo:
 9. Útgáfugjald skv. 2. tölul. 1. mgr. 77. gr. ell.:
 - a. grunnjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfisskjals (lýsing, einkaleyfiskröfur og teikningar) 16.000
 - b. viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu umfram 40 700
- c. 9. tölul. verður 10. tölul.
- d. Á eftir 10. tölul. skv. c-lið að ofan kemur nýr tölul., 11. tölul., sem orðast svo:
 11. Gjald fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar skv. 1. mgr. 86. gr. ell. 16.000
- e. 10. tölul. verður 12. tölul.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40. – 42. og 82. gr. ell. eru sem hér segir:“ í 1. mgr. kemur: Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40. – 42. gr., 81. og 98. gr. ell. eru sem hér segir:
- b. Í stað orðanna „eða 3. mgr. 42. gr. ell.“ í 2. mgr. kemur: 3. mgr. 42. gr. eða 81. gr. ell.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo:

Gjöld fyrir einkaleyfi, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 92. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 94. gr. ell., skulu vera sem hér segir:
- b. Í stað orðanna „2. mgr. 82. gr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr. 98. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í 3. tölul. falla niður orðin „eða framlagningarskjali“.
- b. Gjald skv. 8. tölul. hækkar úr 17.000 kr. í 20.000 kr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.